Forordning,

um

Medøl til ad hindra Fiaur-Sykinnar Framgaung at Islandi.

CHRISTIANSBORGAR Sloti, þann 12 Maji 1772.



Kaupmannahøfn,

Þrykt af Directeur yfer Hans Kongel. Majests. og Universitetets Bookþrykkerie, Nicolaase Christiaan Høpffner.

Vier Christian sa Siøundi, med Guds Naad Konungur til Dannmerkur og Noregs, Vinda og Gauta, Hertogi i Slesvik, Holstein, Stormarn og Dytmersken, Greifi i Oldenborg og Delmenhorst,

Giørum øllum vitanlegt, ad vegna þeß Vier, med stærstu Medaumkun, erum askynia ordnir, ad su landfordiarfanlega Saud-Fiar-Pest enn nu vidhelldst a voru Landi Islandi, an þeß ad þar i Mot sie fundinn nokkur fullkominn Læknisdoomur, og Vier þarhia sømuleides meigum miøg oogiarna merkia, ad Vorir Undersatar i nefndu Landi eigi einasta i Fyrstunni hafa synt stærstu Forsoomun, i þvi ad þeir eigi hafa, so mikid sem møgulegt var, hindrad Siukdominn ad innþreingia sier fra þeim Stødum, sem hann var adur kominn i, til hinna, hvar Natturann hefur giørt slikar Girdingar og Adgreining, ad Hasskinn kunni afvendast; helldur og einnig skulu margir hafa verid so lettsinnugir og oomannlegir, ad þeir hafa fært siukt Saudfie inni þær heilbrigdu Sveitir, hvaraf heil Hierød eru af Siukdominum yfirfallinn; Sømuleidis skulu Innbyggiararnir a þeim Stødum, hvar Siukdomurinn hefur yfirgeingid, eigi vera nooglega adgiætnir edur asattir um ad afmaa þær leifar af

hinn

hinu siuka Saudfie, sem enn nu eru hiaa þeim, jafnvel þoo ad Natturann so hafi umgirdt þaa, ad þegar þeir vilia bruka Astundan og Uppapoßun, kunna þeir ad hindra Samganngu med ødrum; Enn þvert þar i mot skulu þeir hafa inntekid oosiukt Saudfie medal þeß siuka, hvarmed þeir hafa giørt Faralldrid vidvarandi og endalaust, þeim sialfum til langtum stærri Skada, enn þoo þeir, i Stadin fyrir 10 siuka Saudi, hefdu tillagt sier 2 oosiuka, þegar þeßum ad eins hefdi ordid halldid fraa ad koma medal hinna siuku; og jafnvel þoo ad einn og annar Syßlumadur, bædi i þeim Syßlum, hvar Plaagann hefur byrjast vid Landamerkinn millum Syßlanna, og i hinum ødrum, hvar hun hefur yfirgeingid, hafi leitast vid ad faa Innbyggiarana leidda til aadurgreindrar nytsamlegrar Fyrirtektar, og þar til fejngid flestra Samþykki, þaa skulu þo samt adrir hafa sett sig þar i mot. Þvi høfum Vier, uppa þad ad þeßi Skadsemd, vegna nokkurra Hirduleisis og Mootþrooa, ekki skuli aan Hindrunar vidar utbreida sig, og uppsvelgia þad, sem enn nu kynni eptir ad vera, so og einnig, ad nytsamlig Vidleitni, Fiaartiuguninni til Vidrettingar, i ødrum allareidu eydiløgdum Stødum ey skuli verda hindrud, Allranaadugast fundid fyrir gott ad tilseigia og befala, eins og Vier hiermed bioodum og befølum.

1.

Ad Syßlumennirnir skuli, med velgrundadri Utmaalun samfæra Almugann þarum, hvørsu skadlegt og eydileggiandi þad sie fyrir hvern Mann sier i Lagi, og heila Landid yfir Høfud, ad hallda þvi siuka Saudfie vid Liifid, allrahelst þar Vor-Ullin af þeßu Fie skal vera oodugleg, og Innbyggiurunum til lytillra edur nær eingra Nota, hvers vegna þeim, þvi fyrr, þvi helldur, enn nu medan nockud er eptir, byriar ad taka sier fyrir, giorsamlega ad afmaa þvilikt siukt Saudfie, sovel þar, sem

 Siuk-

Siukdomurinn hefur innbrotist vid Landamerkinn af þeim oosiu-
ku Syßlum, og þetta so laungann Veg, ad menn kunni vißir
um ad vera, ad Spillingin eigi sie leingra komin, allt med
Yfirvegun og Samþycki hinna flestu bænda, sem hier a bera
Skyn; sem og i þeim Syßlum, hveriar Plaugann allareidu
hefur yfirgeingid, i þeßhauttar Landplautsum, sem af Naut-
turunni eru innilokud og afgirdt, og þetta sømuleides med hin-
na flestu Yfirvegun og Samþycki, til þeß ad þvi oosiuka Saud-
fie, sem sidan verdur innfært a slika Stadi, verdi, nær Astun-
dan og Umuhyggia brukast, halldid fraa hinu siuka.

2.

Þegar hid spillta Saudfie a þenna Hautt hid fyrsta aar er afmaud i nefndum Landplautsum, so taka Menn sier fyrir þad næsta aar eptir ad afmau þad i þvi nærsta Bygdarlagi, i sod-dan Viidauttu, sem, med goodri Forsiau, mau hægast veria fyrir allri Sambløndun med hinu siuka Saudfie; og a þenna Hautt a ad framhallda Afmaun hins siuka Fiaar aar eptir aar, so leingi Naudsyn krefur.

3.

Strax eptir ad Saudfied a sierhverjum Stad er afmaud eiga Menn ad fyrir taka hinna gømlu Fiaarhusa Eydilegging, þau hid gamla Torf þaraf skal burtflytiast a eitt afsidis Plauts, og annadhvørt uppbrennast, edur grafast nidur, so diupt i Jørdina, ad eingi Spilling þaraf orsakast kunni; Steinunum þaraf skal kasta burt a sama Hautt, edur ad minsta Kosti drey-fa þeim ut a Bersvædi, soleidis ad Vedur og Vindur kunni Veturinn yfir a þeim ad leika; og sviida Timbrid vel i Elldi, ef þad eigi verdur brukad til annara Nytsemda, og nytt Tim-bur ecki getur feingist, so sau Spillingar-Eimur, sem liklegt er ad þar vid lodi, kunni ad utbrennast.

Aa Mæninum at þeim nyu Fiarhuusum, sem i hinna gømlu Stad uppbyggd verda, hver, nær Gud gefur Blessan til Siukleikans Riennnar og Saud-Fiarins Tingunar, eiga ad byggiast hærri og rumbetri, til þeß ad Fied, eins og hingad til vered hefur, standi eigi of þiett tilsamans, hvad ed jafnvel alleina getur orsakad Siukdoom hia Fienu, giora Menn Glugga, helst laungann og mioann, til þeß ad fa Hiti og Suddi, sem altid, og allramest i Faralldurs-Siukdoomum, er Fienu skadvænlegur, meigi þar igiegnum uppstiga.

5.

Þegar buid er ad slatra þvi siuka Saudfie, og þad soleidis er afmaad, sem skie skal a Haust-Tima, maa oosiukt Fie eige aptur inntakast fyrr enn Sumarid eptir.

6.

Syslumennernir i þeim Syslum, hvar Fiaar-Pestin ecki er, edur hefur verid, skulu tilhallda þeirra undirhafandi Syslu Innbyggiurum ad selia þeim, sem hafa eydilagt hid siuka Saudfie, aptur annad oosiukt, med bærilegasta og minsta Verdi, sem møgulegt er, til hvers þeim og byrjar ad vera viliugum og skylldugum, bædi af Medaumkun yfir þeim, er Skadann hafa lidid, sem og sierdeilislega til þarmed ad afbægia þeim yfirhauganda Haska, sem jafnvel kynni ad naa til þeirra sialfra.

7.

Med þeß nyia Saud-Fiar Innfærslu, hvad faatt sem þad vera kann, maa brukast hin naukvæmasta Uppapøssun og Varud; sierdeilislega skal Ullin og Skinninn af þvi siuka Fie vera þveiginn, verkud, og nytt til Bruknnar, adur enn hid oosiuka Fie kiemur; Klædi þeirra, sem hirda og mioolka hid oosiuka Fie, eiga annadhvort ad vera ny, edur og þau gømlu fullkomlega

lega vel þveiginn og hrein; þeir meiga helldur alldrei koma i þar Stadi, hvar Siukdomurinn er, so þeir ekki færi Spillinguna med sier; Miklu sydur mai nockur voga ad færa Ull, Skinn, edur nockurn Saud inn (i Sveitina) fra hinum siuku Stødum, hvarmed Hreppstiorarnir i sierhverjum Hrepp skulu hafa so naakvæma og alvarlega Umsioon, sem þeir vilia af Oß Allranaadugast aalytast og aktast ad vera vandlaatir um þeirra siaalfra og Landsins Velferd. Hver sem fyrst verdur var vid nockurn, sem hier aamooti brytur, skal undir Straff eptir Maalavøxtum, ef þad forsomast, og verdur sydan opinbert, strax gefa þad Hreppstiorunum til Vitundar, og þai skal þad innfærda Saudsie aan Uppihallds eydileggiast. Hreppstiorarnir þar aa moot skulu angefa þetta fyrir Syslumanninum, og hann fyrir hærra Yfirvalldi, hvareptir Stiptamtmadurinn skal gefa Søkina til Vitundar i Voru Norska Cammeri, þa þeim seku skal verda uppalagt slikt Straff, er þeir forþiena, sem Vorum Bodum eru oohlydugir, og leitast vid ad færa Fødurlandid i Oolukku.

8.

Med nefnda Eydilegging hins spillta Saudfiaar byrjast aa sømu Tiid i Sudur- Nordur- og Vestur-Fioordungum Landsins, nefnelega i Rangaarvalla Syslu, og Svarfadardalnum i Vadla Syslu, samt i þeim Sooknum i Bardastrandar- og Stranda-Syslum, hvar Siukdomurinn seinast er kominn, edur hefur byrjad ad innsmeigia sier, og sem liggia nærst vid þær, sem enn eru oosiukar; og þegar einu Bygdarlagi edur Syslu er aflokid, skal Utrætingin fyrer Hendur takast i þvi nærstliggiande Plaatsi, aa þann Haatt, sem i 2 Articula er bodid.

9.

Ef tvær Syslur nokursstadar liggia tilsamans, aan þess ad milli þeirra finnist soddan naatturleg Adgreining, sem hindra-

dra kunni Saudfiairins Samgaungu ai baida Vegu, þai skal, eptir beggia Sysslumannanna og Innbyggiaranna bestu Yfirvegan, so stort Land-Plaits i baidum Sysslum i senn utveliast, ad faist kunni slik naitturleg Vorn edur Girding, sem, med Adstod af nooglegri Astundan og Voktun, kann hindra þeß heilbrigda og siuka Fiairs Samgaungu.

10.

I þeim Sysslum, hvar Fiair-Pestin enn nu eigi er komin, enn nailægist þo, skulu sierdeilislega Sysslumennirnir med stærstu Astundan laita sier vera ummhugad, ai þeim Stodum, sem helst er uggvænt, at hun muni sier innþreingia, ad giora so gooda og ainægianlega Utvegi, sem møgulegt er, til ad hindra hennar Framgaung.

11.

Og þared þad, i Tilliti til Viidattu og Stærdar þeirra Hierada, hvar Siukdoomurinn nu geingur, utheimtir nockur Aar, aidur hid siuka Saudfie verdur allstadar afmaid, og Wier þarfyrir finnum þad ad vera sierdeilis æskilegt, ef finnast mættu slik Medøl, med hverjum hid spillta Saudfie kynni, med idulegri Uppapossun, ad halldast i þvi Standi, ad þess Eigendur kynnu ad hafa nockuruveginn Gagn af þvi, medan Utrætingin enn nu eigi kañ til þeira ad nai; þvi er Vor Allranaidugasti Vilie og Befaling, ad Land-Physicus skrifi, i Landsins Tungumaili, skyra Undirviisun og Fyrirskrift umm þai Medhøndlan, sem og Læknisdooma og ønnur Medøl, sem annadhvart kynnu allareidu ad vera fundin, edur framvegis kunna ad finnast þienanleg til ad fyrirbyggia og hneckia Siukdomsins Abli, ad minsta Kosti so mikid, ad Fied kynni aimedan giora nockud meira Gagn, enn vanalega fæst af hinu spillta Fie, og ad slik Underviisun og Fyrirskrift verdi utgefin ai Prent øllum til Upplysingar.

12. An-

Annars ber Stiptamtmanninum, eptir bestu Yfirvegan med vidkomandi Embættismønnum, ad koma þvi til Vegar, ad þessi Landinu so magtaliggiandi Søk verdi sett i møgulegustu Framkvæmd og Execution. Hvareptir allir Vidkomendur sig allraundirdanugast hafa ad rietta og hallda. Þvi biodum og befølum Vier hiermed øllum og sierhverium, sem þessi Vor Forordning undir Vors Finance-Collegii Signeti tilsend verdur, ad þeir lati hana a tilheyrilegum Stødum, øllum til Eptirrettingar, strax upplesa og auglysa. Gefid a Voru Sloti Christiansborg i Vorum Konunglega Residentz-Stad Kaupmannahøfn, þann 12 Maji 1772.

Under Vorri Konunglegri Hendi og Innsigli.

CHRISTIAN.



O. Thott.

Scheel. O. G. Pauli. G. C. Oeder.

v. Hellfriedt.